

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Egilsstaðir, 13. desember 2022
UST202203-006/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.10.2022 – Íslenska kalkþörungafélagið, Bíldudal

Þann 26. október sl. fór fram eftirlit í kalkþörungaverksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram, þau varða:

1. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Útblástursmælingar frá eldri þurrkara voru 31,47 mg/Nm³ og frá nýrri þurrkara 32,24 mg/Nm³. Starfsleyfismörk útblásturs frá þurrkurum eru 20 mg/Nm³.
Samþykkt úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir að erlendur sérfræðingur yrði fenginn til að leggja fram tillögur til úrbóta og að útblástursmælingar yrðu endurteknar að úrvinnslu þeirra loknum. Mæling var gerð þann 12. október sl. og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Tómir brúsar af spilliefnum þurfa að vera í lekaheldu kari svo það rigni ekki ofan í það.
Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum er lokið og frávikinu er því lokað.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Tómar olíutunnur, bambar undan olíuhreinsi og öðrum efnum og olíublaut efni eiga að fara í viðeigandi ferli og ekki standa óvarið úti.
Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum er lokið og frávikinu er því lokað.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

1. Starfsleyfishafa er bent á að senda Umhverfisstofnun a.m.k. árlega upplýsingar um hversu miklu efni hann hefur varpað í hafið og hversu mikið er eftir af þeirri heimild sem hann hefur.
2. Lóðinni skal halda snyrtilegri og hún skal vera afgirt.

Tvö frávík komu fram, er varða:

1. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Magn ryks í útblæstri eldri þurrkara var yfir starfsleyfismörkum þegar það var mælt þann 12. okt. 2022.
2. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Styrkukning svifagna fyrir utan setlón við uppdælingu í júní 2022, var yfir starfsleyfismörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávíkum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri